



Jólaneyslan fann sér farveg

Þrátt fyrir samkomutakmarkanir og breyttar jólahefðir jókst neysla Íslendinga innanlands um 5% milli ára í desember. Í heildina dróst kortavelta þó saman um 4% að raunvirði þar sem neysla erlendis frá var minni í ár en í fyrra.

Seðlabanki Íslands birti í gær gögn um veltu innlendra greiðslukorta í desember.¹ Alls nam velta tengd verslun og þjónustu innanlands 84 mö.kr. og jókst um 5% milli ára miðað við fast verðlag. Kortavelta erlendis nam alls 9,7 mö.kr. og dróst saman um 45% milli ára miðað við fast gengi. Samanlagt dróst kortavelta saman um 4% miðað við fast gengi og fast verðlag, sem er örlítið minni samdráttur en mældist í nóvember, þegar neyslan dróst saman um 6%.


Neysla var nokkuð mikil í desember, meiri en árið áður þrátt fyrir verulega breyttar aðstæður og takmarkanir á þeirri þjónustu sem fólk gat sótt sér. Jólatónleikar og jólahlaðborð voru til að mynda ekki í boði með hefðbundnum hætti en þrátt fyrir það fann innlend neysla sér farveg og gott betur. [Stóraukin netverslun](#), líkt og sást í nóvember, hefur að líkindum haldið uppi neyslunni og auðveldað mörgum jólainnkaupin. Hér spilar einnig inn í að lítið var um að Íslendingar eyddu jólafríinu erlendis eins og töluvert hefur verið um síðustu ár. Því er hluti neyslunnar hér á landi í desember á síðasta ári neysla sem hefði átt sér stað erlendis ef heimsfaraldurinn hefði ekki átt sér stað.

Neyslumestu mánuðir ársins komu ágætlega út fyrir innlenda verslun

Ef lítið er til þróunar í kortaveltu eftir mánuðum sést að neyslumestu mánuðirnir eru jafnan júlí og desember, þ.e.a.s. um hátíðir og þegar fólk heldur í sumarfrí. Þessir mánuðir sluppu nokkuð vel í ár frá sjónarhorni verslunar þökk sé kraftmikilli neyslu innanlands.


Takmarkanir á frelsi fólk til að ferðast og gleðjast saman innanlands voru litlar í sumar og bættu landsmenn því nær alveg upp minni neyslu erlendis frá með verulega aukinni neyslu innanlands. Annað

Greiðslukortavelta



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Greiðslukortavelta á föstu verðlagi og gengi



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta innan. á föstu verðlagi desembermánaðar 2020. Kortavelta erl. á föstu gengi desembermánaðar 2020. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

¹ Í þessari greiningu er lítið til allrar greiðslukortaveltu í verslun og þjónustu innanlands (önnur viðskipti en í banka) og erlendis er lítið til allrar kortanotkunar.



var uppi á teningnum í desember enda voru sóttvarnaraðgerðir harðari þá en í sumar. Þrátt fyrir það jókst neyslan innanlands milli ára, en þó ekki þannig að hún bætti alveg upp fyrir minni neyslu erlendis frá. Í heildina eyddum við þó svipaðri fjárhæð í desember nú og við gerðum í desember árið 2018 miðað við fast verðlag og gengi.

Kortavelta í heild dróst saman um 7% að raunvirði milli ára

Samanlagt dróst kortavelta Íslendinga saman um 7% að raunvirði milli ára í fyrra. Innanlands eyddum við samtals 835 mö.kr. á verðlagi desembermánaðar sem er 23,5 ma.kr. meira en árið áður, eða 3% aukning miðað við fast verðlag. Erlendis nam uppsöfnuð kortavelta 115 mö.kr. sem er 95 ma.kr. eða 45% minna en árið áður miðað við fast gengi.


Samanlagt eyddum við því 71 ma.kr. minna í fyrra en árið áður miðað við fast verðlag og gengi, sem kemur ekki á óvart miðað við þá kreppu sem nú ríkir og þann fjölda sem hefur misst vinnu og býr við skertar ráðstöfunartekjur. Það kemur hins vegar á óvart að samdráttur í kortaveltu erlendis frá sé ekki meiri, því brottfarir Íslendinga um Leifstöð drógust saman um 79% milli ára. Þessi niðurstaða sýnir okkur að kortavelta erlendis frá er að stórum hluta netverslun samanborið við kaup á vörum og þjónustu á ferðalögum erlendis.

Samdráttur mestur á öðrum ársfjórðungi

Á fjórða ársfjórðungi dróst kortavelta saman um alls 7% milli ára að raunvirði. Þetta er örlítið meiri samdráttur en mældist á þriðja ársfjórðungi, þegar hún dróst saman um 5%, en minni samdráttur en mældist á öðrum fjórðungi (-12%). Líkt og á öðrum og þriðja ársfjórðungi var samdrátturinn þó eingöngu vegna minni neyslu erlendis frá.


Það má með sanni segja að síðasta ár hafi verið mjög ólíkt fyrri árum og neysluvenjur fólks breyttust verulega. Það virðist hafa tekið tíma að læra á faraldurinn og hvernig bæri að haga neyslunni og jókst hún því ekki innanlands fyrr en undir lok fyrstu bylgju. Fyrsta bylgjan kenndi okkur þó ýmislegt er varðar heimsendingar og netverslun og gæti það verið ástæða þess að neysla dróst ekki saman með viðlíka hætti í haust og sást í fyrstu bylgjunni.

Uppsöfnuð kortavelta frá áramótum



Greiðslukortavelta innanl. á föstu verðlagi desembermánaðar 2020. Kortavelta erl. á föstu gengi desembermánaðar 2020. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Greiðslukortavelta og framlag innanlands og erlendis



Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.